

um frv. til laga um ríkisábyrgðir.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Leggja undirritaðir nefndarmenn til, að frv. verði samþykkt með nokkrum breytingum, sem fluttar eru tillögur um á sérstöku þingskjali.

Meiri hl. n. er ljós hin mikla nauðsyn þess, að settar verði almennar reglum um veitingu ríkisábyrgða, er miði að því að draga úr síhækkandi útgjöldum ríkissjóðs vegna vanskila á ríkisábyrgðarlánnum. Verði ekki spyrnt hér við fótum, getur ríkissjóður orðið fyrir stórfelldum áföllum vegna ríkisábyrgða á næstu árum, og eru þessi útgjöld sérstaklega alvarleg fyrir þá sök, að aldrei verður séð fyrir fram, hversu margra milljónatuga útgjöld er um að ræða. Reynslan hefur sýnt, að vanskilin hafa farið vaxandi ár frá ári, og geta útgjöldin fyrr en varir orðið lítt viðráðanleg, ef ekkert er að gert, því að þegar einn skuldari lætur ár eftir ár ábyrgðir falla á ríkissjóð, er hætt við, að fleiri hugsi sem svo, að ekki sé minni ástæða til, að ríkissjóður greiði þeirra skuldbindingar. Hér er því um mikið og sívaxandi vandamál að að ræða, enda ríkisábyrgðir orðnar nú yfir 2200 millj. kr.

Meiri hl. n. gerir sér fulla grein fyrir hinni miklu þýðingu ríkisábyrgða til stuðnings fjölþættri uppbyggingu í landinu, enda er engan veginn tilgangur frv. að taka fyrir þá aðstoð ríkisvaldsins. Það á þó að vera meginsteftna, að ábyrgðir falli ekki á ríkissjóð. Þurfi að veita sveitarfélögum eða atvinnufyrirtækjum opinbera aðstoð með heinum fjárstuðningi, á það að gerast á annan hátt en láta ábyrgðarskuldbindingar falla á ríkissjóð. Sú aðferð er vansæmandi fyrir skuldarana og hættuleg fjárhag ríkissjóðs, þegar ríkisábyrgðir hafa verið veittar jafnhömlulítið og gert hefur verið. Í slíkum tilfellum er heilbrigðara að veita beina fjárhagsaðstoð, að undangenginni nákvæmri athugun á öllum hag skuldara.

Útgjöld ríkissjóðs vegna vanskila á ríkisábyrgðarlánnum verða að greiðast með álögum á landsfólkið, og það er því tvímælalaus skylda þings og stjórnar að gæta allrar þeirrar varfærni í þeim sökum, er við verður komið. Útgjöld þessi munu hafa orðið yfir 40 millj. kr. á árinu 1960, og er það eitt út af fyrir sig nægileg röksemd fyrir löggjöf, er stuðli að því að draga úr þessum áföllum.

Breytingartillögur meiri hluta nefndarinnar haggja í engu meginefni frv. Stærsta efnisbreytingin er sú, að lagt er til að fella niður hið árlega áhættugjald af sjálfsskuldarábyrgðum, en upphaflega gjaldið hækkað nokkuð í staðinn, því að sanngjarnt er, að áhættugjaldið sé hærra af sjálfsskuldarábyrgðum en einföldum ábyrgðum. Bankar reikna ætíð áhættugjald, þegar bankaábyrgðir eru veittar, og þykir sanngjarnt, að ríkissjóður taki einnig slíkt gjald, þegar ríkisábyrgð er veitt, en þó aðeins í eitt skipti fyrir öll. Gjaldið er svo lágt, að það skiptir mjög litlu máli fyrir lántakendur.

Þá þykir ekki ástæða til að leggja hverju sinni undir úrskurð Alþingis, hvort falla megi frá aðför, ef greiðsla ábyrgðarláns fellur á ríkissjóð. Er lagt til, að látið sé nægja að leggja málið undir úrskurð fjárveitinganefndar. Þá þykir og eðlilegt, að fjárveitinganefnd öll fjalli um eftirgjöf vanskilaskulda skv. 9. gr. frv., enda þótt gera megi ráð fyrir, að nefndin velji undirnefnd úr sínum hópi til þess að undirbúa málin undir lokaafgreiðslu í nefndinni.

Alþingi, 3. febr. 1961.

Ólafur Björnsson,  
form.

Jón Þorsteinsson,  
fundaskr.

Magnús Jónsson,  
frsm.